

I. bæklingur Alþýðusambands Íslands

Alþýðuflokkurinn

Nýr stjórn mála flokkur
Hvað hann er og hvað hann vill

Kvenfólkið þarf að lesa þennan bækling
engu síður en karlmennirnir

Reykjavík
Prentað í Prentsmiðjunni Gutenberg
1917

Með þátttöku sinni í landskjörinu er fram fór 5. ágúst 1916 kom Alþýðuflokkurinn í fyrsta sinni fram sem sjálfstæður stjórnmálaflokkur við þingkosningar. Flokkurinn kom engum að í það sinn, en það vantaði að eins 261 atkvæði til þess að listinn kæmi að þeim sem efstur stóð á honum, Erlingi Friðjónssyni, Akureyri. Við alþingiskosningarnar fyrsta vetrardag 1916 voru þrjú menn í kjöri frá Alþýðuflokknum, einn á Akureyri, en tveir í Reykjavík. Af þeim komst að annar fram-
bjóðandinn í Reykjavík, Jörundur Brynjólfsson, barnakennari, sem varð fyrsti þingmaður Reyk-
víkinga, en hinn frambjóðandann, Þorvarð Þor-
varðsson, prentsmiðjustjóra, vantaði ein 25 atkvæði til þess að komast að.

Auk þess hefur Alþýðuflokkurinn komið nokkrum mönnum að í bæjarstjórn í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði.

Sá sem að loknum lestri þessa bæklingis óskar að vita nánar um flokkinn eða sambandið, skrifu forseta þess.

Utanáskrift er:

Jón Baldvinsson, prentari,
Reykjavík.

Málgagn flokksins er bláðið »Dagsbrún«, Rvík. Kostar fyrir árið 1917 2 kr. 50 aura borgað fyrirfram.

Alþýðuflokkurinn

táknar þá hliðina á starfsemi sambandsfélags íslenskra verklyðsfélaga — Alþýðusambandi Íslands — er snýr að stjórnmálunum. Nafnið er valið með tilliti til þess, að fulltrúar alþýðufélaga hafa stofnað hann, og að gera má ráð fyrir, að meginþorri þeirra karla og kvenna er fylkja sér um mál flokksins — en öll mál hans til samans má nefna *jafnaðarstefnuna* — verði alþýðumenn og alþýðukonur.

Tilgangur þessa bæklingis er að skýra stefnuskrá flokksins og fyrirætlanir, en fyrst skal þó getið lítið eitt nánar um sambandsfélag íslenskra verklyðsfélaga, sem sé:

Alþýðusamband Íslands.

Það var stofnað 12. marz 1916 og unnu að því fulltrúar frá fimm verklyðsfélögum í Reykjavík og tveim úr Hafnarfirði. Tilgangur þess er að koma á samstarfi á jafnaðarstefnugrundvelli meðal íslenskra alþýðufélaga, eigi að eins hvað almenn verklyðsfélagsmál snertir, heldur einnig til þess að koma fram sem sérstakur og sjálfstæður stjórnmálaflokkur, með ákveðinni stefnuskrá, er reyni að koma mönnum í bæjarstjórnir, sveitarstjórnir og á þing, er eindregið og í hvívetna fylgja stefnuskrá flokksins.

Tilgangurinn.

Þó hér á landi sé og hafi verið töluverður munur á rikum og fátækum, þá er Ísland frábrugðið öðrum löndum að því leyti, að hér er ekki sem þar ginnungagap milli fátækra og ríkra. En engum manni með heilbrigða skynsemi getur dulist, að Ísland er sömu fjárhagslegu lögum háð og önnur lönd, og að hér hlýtur fram að fara, eins og í öðrum löndum, skifting á landslýðnum í ríka og öreiga, *nema tekið sé nú þegar í taumana*. Alstaðar þar sem fáir menn græða offjár, myndast, jafnframt fámenna auðmannaflokknum, fjölmennur öreigalýður, og er töluvert farið að bera á báðum þessum stéttum í stærstu kaupstöðum þessa lands, einkum Reykjavík. Tilgangur Alþýðuflokksins er að vinna af alesi að því, að minna þann mun, sem nú þegar er orðinn, og með því að láta auðsuppsprettur landsins renna sem ríkulegast, og þannig, að það verði eigi einstakir menn sem græði offjár á því, heldur almenningur, ætlum vér að gera fátæktina útlæga úr landinu, og koma á svo almennri velmegun að hvert mannsbarn sem fæðist hér á landi, hafi tækifæri til þess að proska og fullkomna alla góða og fagra meðfædda hæfileika. Og vér álitum Ísland nógu gott land til þess að geta veitt öllum börnum sínum þetta, þegar vel er setið þjóðarhúsið, og einstakir menn eru ekki látnir sölsa undir sig auðsuppsprettarnar, eins og átt hefir sér stað erlendis, og orðið bein orsök til skiftingarinnar í ríka og öreiga. Vér ætlum ekki að reyna að ná því takmarki, að allir verði jafnríkir, heldur eins og þegar hefir verið tekið fram, að enginn sé fátækur, *enginn sem vill vinna*. Það er því langt frá að vér viljum koma í veg fyrir eða hanna að dug-

legir og framtakssamir menn verði auðugri en aðrir, því vér viljum veita einstaklingunum fullt frelsi til hvers sem er, *skaði það ekki aðra*. En réttur einstaklingsins verður að takmarkast af rétti annara einstaklinga, og hið sanna frelsi er takmörkun réttar hins sterka til þess að troða niður þann sem er minni máttar.

Með því sem að framan er sagt viljum vér koma því til leiðar að hér á landi verði að eins

ein stétt,

p. e. *starfandi, mentaðir menn*. Ekki að heimtað sé að allir vinni líkamsvinnu, þó flestum sé hún holl og heilsusamleg, og því síður að allir vinni sama starfið, p. e. að ekki fari fram verkaskifting, heldur að hver og einn sé metinn eingöngu eftir því hve duglegur, nýtur og góður maður hann er, svo enginn, metorða vegna, leggi fyrir sig annan starfa en þann, sem hann er bezt til fallinn.

Stefnuskrá Alþýðuflokksins.

1. *Utanríkismál.* Flokkurinn er mótfallinn því, að byrjað verði fyrst um sinn á samningatilraunum um samband Íslands og Danmerkur; hins vegar sé hagsmuna landsins gætt vandlega í skiftum við Dani og aðrar þjóðir.

2. *Skattamál.* Afnema skal alla tolla af aðfluttum vörum. Fyrst og fremst sykurskattur, kaffitoll og vörutoll (um tóbak sjá landsverzlun), en til að standast útgjöld landsins séu lagðir á *beinir skattar* að svo miklu leyti sem arður af *framleiðslu* og *verzlun*, er rekin sé fyrir hönd þjóðfélagsins, ekki hrekkur til gjalda landsins.

Þessir beinu skattar séu:

- a. *Hækkandi eigna- og tekjuskattur*, þar sem hæfilegur framfærslueyrir fjölskyldumanns sé látinn vera undanþeginn skatti en síðan fari skatturinn smáhækkandi og sé hlutfallslega mestur á mestum tekjum og verðmestu eignum.
- b. *Verðhækkunarskattur* af öllum lóðum og löndum að því leyti sem verðhækkunin stafar af almennum framförum landsins

eða aðgerðum þjóðfélagsins. Skattur þessi skiftist eftir ákveðnum hlutföllum milli landssjóðs og sveitar- (eða bæjar-) sjóða.

3. *Landsverzlun og -framleiðsla.* Landið taki að sér einkasölu á ýmsum vörutegundum, fyrst og fremst: steinolíu, kolum, salti og tóbaki, taki þátt í atvinnu og framleiðslufyrirtækjum svo sem: stórskipaútgerð til fiskiveiða og flutninga, stór-iðnaði, námu-grefti og þess háttar.

Pegar hvalaveiðar verða teknar upp aftur, skulu þær eingöngu reknar af landinu.

4. *Bankamál.* Landið hafi umráð yfir aðalpeningaverzlun landsins; skal í því skyni auka og efla Landsbankann.

Til að greiða fyrir hringrás peninganna skal með heppilegri löggjöf stutt að stofnun sparisjóða og lántökufélaga með samvinnusniði viðs vegar um landið.

5. *Samvinnumál.* Samvinnufélagshreyfinguna skal styðja í baráttunni við kaupmannavaldið bæði með hentugri löggjöf og riflegum fjárveitingum til að útbreiða þekkingu á henni.

6. *Samgöngur.* Áherzla skal fyrst og fremst lögð á að koma samgöngum á sjó i gott lag, einkum með bættum strandferðum.

Frá kaupþúnum skal leggja vel gerðar og breiðar akbrautir til sveitahéraðanna. Hættu-

legar og illfærar ár brúaðar og erfiðir fjallvegir bættir og varðaðir. Járnbrautir, sem verða lagðar í landinu, skulu lagðar og reknar fyrir opinbert fé.

Öll samgöngutæki séu þjóðareign. Einnig síma- og loftskæptatæki.

7. *Sjávarútvegsmál.* Mikil áherzla skal lögð á að bæta lendingar og gera bátahafnir alstaðar þar, sem bátaútvegur er rekinn. Nákvæmt eftirlit sé haft með útbúnaði skipa og báta. Vítar séu byggðir og sjómerki aukin. Veðurathugunarstofa sett á stofn. Líftrygging sjómanna sé aukin og endurbætt stórvægi-lega frá því, sem nú er.

8. *Landbúnaðarmál.* Til þess að efla hinn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, og til þess að koma í veg fyrir ofmikið aðstreymi fólks úr sveitunum til kaupstaðanna, skal varið nægilega miklu fé til tilraunastöðva, og til að útbreiða ókeypis hagkvæma búnaðarþekkingu.

Ábúðarlöggjöfni sé breytt leiguliðum í hag; landsetum landssjóðs sé veitt lífstiðar-ábúð, en þjóðjarða- og kirkjujarðasölu hætt.

9. *Alþýðumentun.* Kappkosta skal að bæta hana, sérstök áherzla lögð á að kenna mönnum hagfræði og félagsfræði.

10. *Dómsmál.* Umboðsvald og dómsvald

sé aðskilið. Meðferð sakamála fari fram opinberlega og munnlega.

11. *Hegningarlöggjöfni* sé breytt í mildari og mannúðlegri átt og stefnt að því að bæta þá brotlegu fremur en að hegna þeim.

12. *Trúmál.* Trúarbrögð eru einkamál og hinu opinbera óviðkomandi, komi þau eigi í bága við þjóðfélagslífið.

13. *Eftirlaun.* Eftirlaun embættismanna, eins og þau eru nú, séu afnumin.

14. *Verndun mannlífa.* Lög séu samin, er komi í veg fyrir, að mönnum sé misboðið með illri og ómannúðlegri vinnu, hvort heldur á sjó eða landi.

15. *Fátækralöggjöfin* sé tekin til ræki- legrar endurskoðunar, aðaláherzlan lögð á það, að fátækrahjálpin sé hjálp til sjálfshjálpar, og að menn, sem verða þjargarþurfa án þess að þeim verði með réttu um kent, fái nægilegan stuðning án mannorðs missis eða mannréttinda.

16. *Sáttasemjari.* Sérstakur maður sé skipaður til þess að leita sátta milli verkamanna og atvinnurekanda við verkföll og verkbönn.

Skýringar á stefnuskránni.

Pó takmark jafnaðarmanna um allan heim sé alstaðar hið sama: að útrýma fátæktinni (aðallega með því að gera þau af framleiðslutækjunum, sem mikilvægust eru, að *þjóðareign*), þá eru stefnuskrár jafnaðarmanna í hinum ýmsu löndum frábrugðnar hver annari vegna frábrugðinna staðhátta. Stefuskrá vor íslenzku jafnaðarmanna — Alþýðuflokksins — er því að ýmsu frábrugðin stefnuskrá enskra, norskra og danskra jafnaðarmanna, af því öðruvísi hagar til í löndum þessara skoðanabréðra vorra, en hér á landi.

Utanríkismál. Það er vilji flokksins að sambandsmálið verði algerlega látið hvíla fyrst um sinn af okkar hálfu, en að löggjöfin í þess stað snúist um *innanlandsmálin*. Búast má við að mótstöðumenn ýmsra stórmála, sem flokkurinn hefir á stefnuskrá sinni, t. d. mótsöðumenn landseinkaverzlunar og tekjuskatts, reyni að hindra framgang þessara mála með því að koma af stað stór-pólítískum æsingum. Flokkurinn er því algerlega mótfallinn því, að nokkrar samningatilaunir fari fram, þar eð líkindi eru til að árangur af þeim yrði enginn annar en sá, að tefja framgang mikilvægra innanlandsmála.

Skattamál. Alþýðuflokkurinn vill afnema tolla á aðfluttum vörum, af því þeir hvíla tilfinnanlegast á þeim sem síst mega við því að gjalda í landssjóð. Í stað tollanna — óbeinu skattanna — komi beinir skattar, að svo miklu leyti, sem arður af framleiðslu og verzlun, er rekin sé fyrir landsins fé, ekki hrekkur til gjaldanna.

Tekjuskattur, er sé því hærri af hverju þúsundi sem tekjurnar eru meiri, mundi vafalaust gefast

vel hér á landi, og í hinu tiltölulega fémenni hér mundi enn hægara en erlendis, að koma í veg fyrir skattasvik.

Verðhækkunarskatturinn á lóðum og löndum, sem legst eingöngu á þá *verðhækkun*, sem verður án þess hún sé ábúanda eða eiganda að þakka, er einhver sá réttlátasti skattur er hugsast getur. Af honum getur landið með tímanum haft stórkostlegar tekjur, auk þess sem hann með því að halda jarðaverðinu í sannvirði, og á ýmsan annan hátt, sem sérstakan bækling þarf til að skýra, *vinnur landbúnaðinum ómetanlegt gagn*.

Landsverzlun og -framleiðsla. Tilgangur landsverzlunarinnar er, þegar um nauðsynjavöru er að ræða, að tryggja landsmönnum *næga* og *ósvikna* vöru, fyrir sama verð eða lægra, en kaupmenn selja hana, og um leið afla landssjóði tekna með því að láta það, sem áður rann að óþörfu í vasa milliliðanna, ganga í landssjóð. Þegar um nautnavörur er að ræða eins og t. d. tóbak, þá er aðalatriðið að útvega landssjóði tekjur. Í þeim löndum, er einkasala á tóbaki hefir verið lögleidd, t. d. í Frakklandi, Austurríki, Ungverjalandi, Japan, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Rúmeníu, Serbíu, Perú og Svíþjóð, þykir einkasalan mikið heppilegri en tolla-fyrirkomulagið, bæði fyrir ríkið og einstaklingana. Vanalega er samfara tóbaks-einkaverzlun, einkaleyfi til þess að búa til vindla, vindlinga, munn-, nef- og reyktóbak. Eru þá stórar verksmiðjur reknar fyrir fé ríkisins, og er síður en svo, að það beri á því, að slík fyrirtæki gangi ver en þau, sem eru eign einstakra manna eða hlutafélaga.

Mörg ríki hafa miklar tekjur af einkaverzlun. T. d. er *ffjórdi hluti* ríkistenka Japans af einkaverzlun ríkisins á salti, tóbaki og kamfúru. Árið

1898 var lögleidd í Japan landseinkasala á tóbaksblöðum, og sex árum síðar á öllu tóbaki, og er ein afleiðing tóbakseinkasölnunnar þar, að tóbak hefir batnað og framleiðslu og útflutningur stórum aukist.

Í Austurríki er hreinn gróði ríkisins af tóbaks-einkaverzluninni árl. 200 milj. austurríkiskra króna, og í Frakklandi er hreinn gróði ríkisins 400 milj. frk. árlega. Það var árið 1810 að Frakkland gerði upp-tækar tóbaksbirgðir og tóbaksverksmiðjur, og borgaði eigendunum (eftir mati) 60 milj. frk. fyrir birgðirnar, en 10 milj. frk. fyrir verksmiðjurnar. Hefir ríkið síðan rekið tóbaks-einkaverzlun og framleiðslu. Tóbaksrækt er leyfð, en skylt að selja ríkinu.

Þess má geta, að þar eð alt tóbak og allir vindlar eru aðfluttir hér á landi, er langtum umsvifaminna að koma á tóbaks-einkaverzlun hér, en í þeim löndum, sem nefnd hafa verið, að hafi þegar komið á hjá sér einkaverzlun á tóbaki.

Sum lönd, sem lögleitt hafa hjá sér einkasölu á einni eða fleiri vörutegundum, hafa selt félögum einkaréttinn á leigu. En það eru einkum þau, sem minni eru mentalöndin, t. d. Spánn, Portúgal og Serbía. En það þykir borga sig langtum ver og vera mikið verra fyrir borgarana, enda hafa ýms ríki sem áður gerðu það, hætt því, og farið að reka verzlunina sjálf. T. t. Ítalía, sem árið 1883 keypti allar eigur félags þess, er áður hafði haft á leigu tóbaksverzlunarréttinn, og varð árangurinn sá, að tekjur ríkisins af einkasölnunni eru helmingi meiri en meðan það leigði verzlunarréttinn.

Landseinkaverzlun er ýmist rekin sem stórsöluverzlun eingöngu, eða bæði stórsölu og smásölu. Má nefna að í Frakklandi eru 47,500 húðir, sem

ríkið selur í tóbak og eldspítur (sem einnig er einkasala á þar í landi).

Alþýðuflokkurinn vill fyrst og fremst koma á landseinkaverzlun á steinolíu, kolum, salti og tóbaki. Landsverzlun á hinum þremur fyrstnefndu tegundum má segja, eins og nú er komið, að sé nauðsynleg til þess að tryggja landsmönnum *alls staðar á landinu* nægilegt af þessum vörum, jafnframt og það væri landssjóði tekjugrein og *mætti þó að líkindum selja vörurnar ódýrar en þær eru seldar nú, með því að allir milliliðir spóruðust.*

Á steinolíu er orðin svo að segja algerð einokun, og líku máli er að gegna um kola- og saltverzlun, sem er að komast í hendur fárra manna.*)

Austurríki, Argentína og Ungverjaland eiga stórfeldar steinolíunámur, sem reknar eru fyrir ríkisfé. Í Serbíu (og ef til vill fleiri löndum) er landseinkasala á steinolíu. Í helzta hagfræðistimariti Dana telur nýlega einn af hagfræðisprófessorum Hafnarháskóla heppilegt, að Danir komi á hjá sér landseinkasölu á steinolíu.

Mörg ríki eiga kolanámur, sem þau reka sjálf, t. d. Austurríki, Svíþjóð, Ungverjaland, Rússland, Holland, Nýja-Sjáland og Viktoría (eitt af ríkjum Ástralíu). Ennfremur eiga ýmsar borgir kolanámur sem reknar eru fyrir þeirra fé t. d. framfarabærinn Lethbridge í Alberta í Canada.

Með landseinkaverzlun fæst í landssjóðinn fé, sem nú rennur til einstakra manna. Það má því búast við að það verði frá þeirri hlið í fyrstu hávær mótstaða gegn henni, og að mótstöðumenn

*) Á aukþinginu 1916 bar fulltrúi Alþýðuflokksins, Jörundur Brynjólfsson, fram frumvarp um að landið tæki að sér einkasölu á steinolíu. Þingið þóttist ekki mega vera að fást við málið og visaði því til stjórnarinnar.

hennar reyni, í þeirri von að almenningur sé grunnhygginn, að telja mönnum trú um, að hér sé um einokun að ræða líkt gömlu einokuninni alræmdu, þó hún sé ekki líkari landseinkaverzlun, sem ber hag landsmanna fyrir brjósti, en blóðþyrst rándýr góðri mjólkurkú.

Flokkurinn ætlast til að séð verði fyrir aðalflutningaþörf landsins með skipum, er landið eigi og reki sjálft. Mjög mörg ríki eiga flutningaskip og hafa í förum (auk þeirra er hafa hernaðarlega þýðingu). Meðal hraðskreiðustu skipa sem til voru fyrir stríðið voru skip sem þelgiska ríkið átti og hafði í förum milli Ostende og Dover.

Svipjóð, Danmörk og Þýskalanda eiga hvort um sig afarstórar eimferjur, sem járnbrautarvagnar eru fluttir á yfir Eystrasalt. Ítalía á strandferðaskip er halda uppi samgöngum milli hinna einstöku hluta ríkisins, og sum ríki Ástralíu eiga skip, og Bandaríki Ástralíu keyptu sumarið 1916 stórkostlegan skipastól, sem á að flytja vörur til og frá Evrópu.

Alþýðuflokkurinn ætlast einnig til þess að landið reki stórskipaútgerð til fiskiveiða, til dæmis togara, bæði af því að það væri gróðavegur fyrir landsjóð og af því það yrði til þess að halda alment uppi kaupgjaldi þeirra manna sem sjómensku stunda.

Flokkurinn vill að fossaflíð og aðrar aflindir séu opinber eign og að landið reki aðallega stór-íðnað þann er síðar mun rísa upp hér á landi í sambandi við slíkar aflindir. Sömuleiðis að námur og vinsla þeirra séu fyrirtæki hins opinbera.

Flokkurinn vill að hvalaveiðar verði aldrei framar leyfðar hér við land einstökum mönnum, heldur verði þær, þegar álitid verður að hvölum

hafi fjölgað hæfilega, reknar af landssjóði. Ætti landið með tímanum að geta haft af því stórkostlegar tekjur, þó hvalirnir væru ekki drepnir meira en það, að þeim héldi stöðugt áfram að fjölga.

Bankamál. Líklegast verða flestir á einu máli um það, að sjálfsagt sé að aðalpeningaverzlun landsins sé rekin af því sjálfu.

Með viðeigandi löggjöf má styðja að stofnun sparisjóða, sömul. að stofnun lántökufélaga með samvinnusniði. Gæti það orðið til þess, að bæta mikið úr »peningæklunni« svonefndu, sem að miklu leyti er ekki annað en óhagkvæmt fyrirkomulag peningaverzlunarinnar. Lántökufélagin geta gert tvent í senn, sem sé það, að þeir sem lán þurfa að taka geta fengið stærri lán en ella, jafnframt því að lánveitandinn (bankinn) langtum síður eða alls eigi tapar fé sínu. Félag þessi, sem eru með dálítið misjöfnu sniði, hafa reynst ágætlega erlendis, t. d. í Þýskalandi og einkum í Ítalíu, og gæti vafalaust gert landbúnaðinum mikið gagn hér á landi.

Samvinnumál. Samvinnufélagsskapurinn var um mörg ár eina ljósið sem lýsti náttmyrkri framfaraleysisins hér á landi. Því miður fóru mörg samvinnufélög illa, og var það eins og við var að búast, þar eð þekking á samvinnufélagshreyfingunni var á mjög lágu stigi. Því miður er þekking á eðli og gagnsemi samvinnufélagsskaparins, enn þá mjög skamt á veg komin, nema máské í einstökum héruðum landsins. Flokkurinn vill því láta verja ríflegu fé til þess að útbreidda þekkingu á samvinnumálum, þar eð hann álitur að stór þörf sé fyrir samvinnufélagsskap hér á landi, eigi að eins á verzlunarsviðinu, heldur einnig víða annarsstaðar.

Samgöngur. Í svo fjöllóttu og jafnframt vogskornu landi og voru, hljóta samgöngurnar á sjó jafnan að verða hagkvæmastar, að svo miklu leyti sem hægt er að koma þeim við. Strandferðirnar hafa með réttu verið nefndar *lífæðar landsins*, og vill flokkurinn, að áherzla sé lögð á að koma þeim í sem best horf. Sömuleiðis vill flokkurinn, að séð sé um að flutningaskip er flytja fólk að og frá sumaravinnunni, hafi sæmilegt farrými að hjóða því.

Flokkurinn er algerlega mótfallinn því, að ráðist sé í stór fyrirtæki með því fyrirkomulagi sem þekst hefir hér, að hið opinbera biði skaðann af rekstrinum, en félög einstakra manna hirði gróðann. Flokkurinn vill því að járnbrautir sem lagðar verða séu þjóðareign.

Sjávarútvegsmál. Flokkurinn vill greiða fyrir sjávarútveginum með því að láta reisa vita og sjómerki og með því að láta bæta lendingar og bátahafnir, þar sem bátavogur er rekinn, og viðunandi hafnir eru eigi af náttúrunnar völdum. Slikar bátahafnir geta aukið feikna-mikið arðsemi útvegsins, og um leið varnað því, að mörg hraust bein íslenskr fari í sjóinn. Hingað til hefir altöf lítið verið gert hér á landi til þess að varna því, að íslenskr líf týndust í sjóinn, en á þessu vill flokkurinn að verði mikil breyting, bæði með því sem nefnt hefir verið, og með því að komið sé á nákvæmu eftirliti af hálfu hins opinbera með útbúnaði báta og skipa, og með því að veðurathugunarstofa, með hæfilega mörgum viðvörðunarstöðvum, sé sett á stofn. Veðurfræðin er þegar komin svo langt að slík veðurathugunarstofa gæti sagt fyrir þegar von væri á ofviðri, og með því að síma það til viðvörðunarstöðvanna í hinum ýmsu veiði-

stöðvum, bjargað ótal mannslífum. Hvert mannslíf er þjóðfélaginu svo mikils virði, frá fjárhagslegu sjónarmiði skoðað, að því fé, sem varið væri til veðurathugunarstofu, mundi gefa landinu hundradfaldan arð. Og þó arðurinn væri enginn, er samt vonandi, að eigi fyndist nokkur sá Íslendingur, er nokkuð vill spara, ef hægt er að varna því að börnin verði föðurlaus, eða að konurnar þurfi að gráta menn sína, eða foreldrarnir uppkomna syni, eða unga stúlkan ástvininn, sem sjórin tók.

Sjávarútvegur er svo hættulegur atvinnuvegur, að þrátt fyrir alt sem gera má til þess að draga úr hættunni, hljóta jafnan einhverjir að hniga þar í val. Þessvegna vill flokkurinn að líftrygging sjómanna sé endurbætt stórvægilega frá því sem nú er, og álitur að þeir landsmanna er hættulegastan hafa atvinnuveg, þ. e. mest hafa sig í hættu við að herja auðæfi úr náttúrunni, eigi meiri kröfur í þessa átt en aðrir á hendur þjóðfélaginu.

Landbúnaðarmál. Þó þeir, sem stofnað hafa Alþýðuflokkinn, séu aðallega sjávarmenn, þá eru landbúnaðarmál engu síður áhugamál flokksins en sjávarútvegsmál, *fyrst og fremst af því, að flokkurinn berst ekki fyrir málum neinnar sérstakrar stéttar, heldur allrar alþýðunnar.* Í öðru lagi eru málefni þeirra sem við sjóinn búa svo skyld málefnum alþýðunnar til sveita, að flest sem unnið er fyrir annan, er unnið fyrir báða. *Enda er óhugsandi að bæta kjör verkamanna og sjómanna að mun, án þess að kjör alþýðunnar í sveitinni sé bætt jafnframt.* Geti sjómenn og verkamenn í kaupstöðum komið fram verulegri kauphækkun og á annan hátt bætt kjör sín svo að um muni, verður afleiðingin, að fólkíð flytur enn þá örara en nú úr

sveitunum til kaupstaðanna. En afleiðingin af því er aftur sú, að of margir verða um atvinnuna og kaupið fellur, eða að minsta kosti hættir að stiga. *Alþýðan við sjóinn og alþýðan í sveitunum eiga því samleið í baráttunni fyrir betri lífskjörum.* Enda mun enginn hugsandi maður eða kona, láta gleppjast af æsingatilraunum þeim sem komið hafa síðustu árin frá ýmsum pólitískum vindhönum, í þeim tilgangi að mynda hatur milli kaupstaðanna og sveitanna. *Ein alþýðustétt lundsins má ekki láta eigna sig upp á móti annari, heldur verður alþýðan óskift að halda fram málum sínum, því þau mál sem auka þrótt alþýðunnar, auka þrótt og lífskraft íslensku þjóðarinnar.*

Ýmislegt af því sem getið hefir verið um að framan, svo sem bættar samgöngur og samvinnufélagsskapur miðar að betri kjörum þeirra er landbúnað stunda. En til þess að bæta kjörin að mun, þarf að auka framleiðsluna í sveitunum og verðmæti þess sem framleitt er. Landið þarf að verja nægilegu fé til ræktunartilrauna og annara tilrauna viðvikjandi landbúnaðinum. En jafnframt þarf að verja fé til þess að útbreiða ókeypis hagkvæma búnaðarþekkingu, bæði þeirri er fæst við tilraunir, og þeirri er fengin er við reynslu athugulla búmanna. Mörg slík hagkvæm búnaðarþekking er óþekt meðal fjöldans af búendum, þó oft hafi um verið ritað, t. d. votheysgerð, eða reynsla sú er fengist hefir í tilraunastöð Ræktunarfélags Norðurlands um hvaða kartöflutegundir gefi bestan arð. Í Bandaríkjunum sendir landbúnaðarráðaneytið fyrirlesara út um sveitirnar, er sýna lifandi myndir af ræktunaraðferðum, eða döru því er þeir halda fyrirlestrana um. Hér á landi myndu ljóst ritaðir bæklingar (með myndum) sendir ókeypis

til allra búandmanna, koma að miklu haldi til þess að útbreiða gamla og nýja búnaðarþekkingu.

Nauðsynlegt er, að ábúðarlöggjöfinni verði breytt svo leiguliðinn hafi arð af þeim endurbótum er hann gerir. Eigandinn má ekki geta sett upp afgjaldið jafnótt og ábúandi bætir jörðina.

Flokkurinn er algerlega mótfallinn því að þjóðjarðir og kirkjujarðir séu seldar. Reynslan er búin að sýna, að það er stór skaði fyrir landssjóð að selja þær, og að fjöldi þeirra fer fljótt úr sjálfsábúð aftur. Með lífstíðarábúð má veita landsetum landssjóðs fulla tryggingu fyrir því, að þeir fái arðinn af endurbótum þeim er þeir gera á jörðunum.

Þá hafa nú verið skýrð nokkur helztu atriði í stefnuskrá flokksins. Stefnuskrá er til þess að marka stefnu, en ekki að hægt sé að taka fram í henni öll þau mál sem flokkurinn mun fylgja, mál sem eru í eðli sínu sömu tegundar og þau, sem stefnuskráin getur um.

Hlutverk smárikjanna og íslenska þjóðin.

Smáþjóðirnar eiga hægar með að koma á hjá sér ýmsum þjóðfélagslegum endurbótum heldur en þær stærri, af því það þarf styttri tíma til þess að gera almenningi hjá smáþjóð skiljanlega nytsemi þarfra fyrirtækja, heldur en þarf til þess að fræða almenning stórþjóða um hið sama. Það hvílir því siðferðis skylda á smáþjóðunum að nota sér þessa hægari aðstöðu. En á engri þjóð hvílir hún þyngra en oss Íslendingum, því engin þjóð í heimi stendur eins vel að vígi til þess að koma á hjá sér umbótum — *verulegum og varanlegum* — því hvergi er betri undirstaða undir slíkt starf, en hér.

Pegar koma á fram umbótum sem bæta kjör alþyunnar, en skerða pyngju auðmannanna, er mótstaðan eðlilega því meiri, sem auðmennirnir eru fleiri og auðvaldið meira í landinu. Hér hjá oss er auðvaldið enn þá ungt, og munurinn enn þá tiltölulega lítill milli ríkra og fátækra. Það þarf því, eins og tekið var fram í byrjun rits þessa, að taka strax til starfa.

Það er því skylda allra góðra Íslendinga, karla og kvenna, að vinna af alefli að því að íslenska þjóðin noti nú tækifæri það sem hún hefir til þess á komandi áratug að útrýma fátæktinni og verða fyrsta þjóðin á hnettinum er kemur á hjá sér þjóðfélagslegu réttlæti. Geri hinsvegar kynslóðin sem nú lifir ekki skyldu sína, þá gleypir auðvaldið oss, og við lendum í sömu ófærinni og aðrar þjóðir álfunnar. Þess vegna: til starfa, Íslendingur! hvort þú ert ungur eða gamall, hvort heldur þú ert karl eða kona, hvort sem þú lest þessar línur undir súð, í pungu lofti íslenzkrar sveitabaðstofu, eða í óhollustu kaupstaðanna, eða undir beru lofti í fegurð íslenzkrar víðáttu, eða í framandi landi. Ljáðu lið þitt útbreiðslu stefnumálum Alþýðuflokksins, og stuðlaðu að því að verklyðsfélag verði stofnað í hverju þorpi, þar sem það ekki er fyrir. Þú vinnur ekki með því fyrir eina tétt, heldur fyrir fósturjörð þína, því smarkmið það er vér stefnum að, er bezta tryggingin fyrir viðhaldi íslenzks þjóðernis, og bezta vörn sjálfstæði voru; þegar öllum liður vel efnalega, þá hefir hver einstaklingur svo mikið að missa, að þjóðin liður fyr undir lok, en að hún láti erlent vald undiroka sig.